

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Eyjafjarðarsveitar, nr. 980/2022.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 39. gr. samþykktarinnar:

a. 4. tölul. verður svohljóðandi:

Umdæmisráð barnaverndar. Samkvæmt samningi um rekstur umdæmisráðs landsbyggða skipa aðildarsveitarfélögin fimm manna valnefnd sem fer með umboð sveitarfélaganna til skipunar í umdæmisráð barnaverndar. Skipunartími umdæmisráðs er fimm ár.

b. Við bætist nýr töluliður, nr. 19, svohljóðandi:

Barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar. Samkvæmt samningi um rekstur barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar, fer Akureyrarbær með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem ekki eru falin öðrum.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 18. apríl 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.